

14
24. jan.

3. gr.
Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt eru úr gildi numin lög nr. 112 1943.

Gjört í Reykjavík, 24. janúar 1945.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Emil Jónsson.

15
24. jan.

L Ö G

um viðauka við lög nr. 106 23. júní 1936, um útsvör.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Við lög nr. 106 23. júní 1936, um útsvör, bætist svo hljóðandi ákvæði til bráða-
birgða:

Við ákvörðun útsvarsskyldra tekna skal draga frá hreinum tekjum þeirra, er hlunninda njóta vegna framlags í nýbyggingarsjóð samkvæmt 2. efnismálgrein 3. gr. l. nr. 20 1942, sbr. b- og g-lið 14. gr. sömu laga, þá fjárhæð, sem lögð hefur verið í sjóðinn á því ári.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda við útsvör, sem lögð eru á tekjur ársins 1944.

Gjört í Reykjavík, 24. janúar 1945.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Finnur Jónsson.

16
24. jan.

L Ö G

um mannelisráð.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Í mannelisráði eiga sæti landlæknir, sem er forseti ráðsins, og fjórir læknar aðrir, er ráðherra skipar til fimm ára í senn, og skal að minnsta kosti einn þeirra vera sérfróður um heilbrigðis- og mannelismál.

Ef mannelisráð telur þörf á, skipar ráðherra samkvæmt tillögum ráðsins einn eða tvo sérfræðinga til viðbótar í ráðið. Menn þessir skulu skipaðir til ráðuneytis um tiltekin viðfangsefni.